

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 281/1993.

Tómas Óskarsson

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Sigurjóni Ólafssyni og

Hlyni Tryggvasyni

(Jón Magnússon hrl.)

Verksamningur. Galli. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði sameiginlega gert að greiða sér 840.128 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. nóvember 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefur áfrýjandi stefndu um greiðslu vegna viðgerðar, sem hann framkvæmdi á eigin verki við svokallaða Bomanite-gólfílögn, en það hafði hann leyst af hendi sem undirverktaki stefndu við smíð íbúðarhúss á Blönduósi. Heldur áfrýjandi því fram, að leyndur galli hafi verið á yfirborði gólfplötu, sem gólfílögnin hafi verið sett á. Rekja megi þennan galla til þess, að stefndu hafi látið steypa gólfplötuna í rigningu, sem platan hafi ekki verið varin fyrir. Hafi af þessum sökum myndast svonefnd sementsefja á yfirborði plötunnar, en þetta hafi ekki verið sýnilegt, þegar áfrýjandi vann verk sitt. Hann telur sementsefjuna hafa valdið því, að gólfílögnin hafi losnað frá gólfplötunni. Stefndu mótmæla þessu og halda því fram, að annmarkinn á gólfílögninni stafi af mistökum áfrýjanda sjálfs.

Í málinu liggur fyrir vottorð Veðurstofu Íslands, sem af verður ráðið, að talsvert hafi rignt á Blönduósi, þegar og eftir að umrædd gólfplata var steyp, svo sem áfrýjandi heldur fram. Að öðru leyti hefur áfrýjandi hins vegar ekki aflað matsgerðar eða annarra við-

hlítandi sönnunargagna til stuðnings framangreindum staðhæfingum sínum. Skortir því sönnun fyrir, að annmarkar á gólfíflögninni verði raktir til atvika, sem stefndu bera ábyrgð á, en af því verður áfrýjandi að bera hallann.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tómas Óskarsson, greiði stefndu, Sigurjóni Ólafssyni og Hlyni Tryggvasyni, til samans 130.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 24. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. apríl 1993, er höfðað fyrir dómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, birtri 2. og 6. apríl 1992, af Tómasi Óskarssyni, kt. 120159-3139, Norðurtúni 23, Siglufirði, gegn Sigurjóni Ólafssyni, kt. 290548-2179, Melabraut 13, Blönduósi, og Hlyni Tryggvasyni, kt. 231045-3099, Brekkubyggð 17, Blönduósi.

Málið fluttist til Héraðsdóms Norðurlands vestra með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

I.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 840.128 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 14. nóvember 1991 til greiðsludags skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, auk málskostnaðar að skaðlausu og að málskostnaður beri dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu. Til vara krefjast stefndu þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar að mati dómsins og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir, að 10. maí 1991 gerði stefnandi í nafni Hellusteyppunnar, sem er einkafirma stefnanda, stefndu tilboð um að leggja Bomanite-gólfíflögn á kaupleiguíbúðir fyrir aldraða á Blönduósi. Stefndu, sem voru aðalverktakar að byggingu kaupleiguíbúða fyrir aldraða að Svínvetninga-

braut 3–17, Blönduósi, tóku tilboði stefnanda. Stefnandi var því undirverktaki að verkinu. Sumarið 1991 framkvæmir stefnandi verk það, sem hann átti að vinna.

Á fundi í byggingarnefnd, sem haldinn var 26. ágúst 1991, var m. a. fjallað um úttekt á gólfefni í gangi. Í fundargerð kemur fram, að 23. ágúst hafi verið gerð úttekt á gólfefni í gangi á milli íbúðanna. Við úttektina hafi komið í ljós, að mikill hluti gólfefnisins hafi verið laus og að af hálfu byggingarnefndar og Húsnæðisstofnunar sé gerð krafa um, að gólfíð verði brotið upp og lagt að nýju á þeim hlutum, sem þessir gallar hafi komið fram á.

Í framhaldi af þessu, 30. ágúst 1991, rituðu stefndu stefnanda bréf og kröfðust þess, að hann endurynni verkið. Þá er þess og m. a. krafist, að vinna við verkið hefjist strax og að allur beinn og óbeinn kostnaður, sem endurvinnan hafi í för með sér, verði borinn af stefnanda.

Með bréfi, dagsettu 2. september 1991, svaraði stefnandi bréfi stefndu og áskildi sér allan rétt til að taka afstöðu til krafna stefndu um endurvinnu á verkinu. Stefnandi kveðst í bréfi sínu tilbúinn að endurvinna verkið, komi í ljós, að gallar á verkinu væru sér eða starfsmönnum sínum að kenna. Jafnframt áskildi hann sér rétt til að krefja stefnendur um greiðslu fyrir endurvinnuna, kæmi það í ljós, að gallar á verkinu væru ekki sér að kenna.

Hinn 12. september 1991 fór fram úttekt á gólfinu, en þá var búið að brjóta upp allan lausan múr af gólfinu, fjarlægja múrbrotin og hreinsa undirlagssteypu, svo að hún leit út eins og ætla mátti, að hún hafi litið út fyrir ílögn. Steypubrotin, sem hreinsuð voru burt, voru misþykk. Við athugun á steypubrotunum kom í ljós, að sumum þeirra fylgdi töluvert af semmentsefjufilmu, en annars staðar sat límið eftir við undirlagið. Við úttektina skiptust aðilar á skoðunum um það, hver orsök þess væri, að gólfílögn losnaði, en eftirlitsmaður taldi það ekki í sínum verkahring að færa það til bókar. Samkomulag varð með aðilum um að hefja viðgerð á gólfinu strax. Stefnandi hóf þá þegar viðgerð og hefur endurunnið verkið og skilað því af sér gallalaus.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi gert stefndu tilboð um að vinna ákveðið verk. Hann hafi staðið óaðfinnanlega að framkvæmd verksins og undirbúningi þess. Hann telur einnig, að gólfíflöturinn, sem hann lagði Bomanite-gólfíflögnina á, hafi haft leyndan galla, sem hafi m. a. valdið því, að gólfíflögnin losnaði frá steypa undirlaginu. Við úttekt á gólfinu hafi sannast, svo að ekki verði um villst, að gallarnir verði ekki á neinn hátt raktir til vanrækslu af sinni hálfu. Þessi leyndi galli hafi ekki verið stefnanda að kenna, og sér hafi ekki mátt vera ljóst, að galli þessi var fyrir

hendi, þegar flögnin fór fram. Stefnandi heldur því einnig fram, að hann hafi endurunnið verkið með fyrirvara um, að hann ætti kröfu á stefndu vegna þessa verks, kæmi í ljós, að gallar á verkinu yrðu ekki raktir til handvamm- ar sinnar. Loks vísar stefnandi til þeirrar málsástæðu, að hann eigi, með hliðsjón af því, sem fram er komið, lögvarðar kröfur á hendur stefndu til greiðslu á öllum kostnaði, sem hann varð fyrir vegna endurvinnu á verkinu.

Lagarök stefnanda eru meginreglur íslensks kröfu- og samningaréttar svo og reglur skaðabótaréttar, eftir því sem þær geta átt við.

Stefndu styðja sýknukröfu sína því, að þeir hafi samið við stefnanda um að leggja Bomanite-gólfögn á hluta gólfsins að Svínvetningabraut 3-17, Blönduósi. Fyrir þetta verk hafi þeir greitt stefnanda að fullu. Verkið hafi hins vegar verið verulega gallað, og beri stefnandi einn ábyrgð á þeim göllum, og því beri honum að lagfæra gallana á eigin kostnað. Stefnandi hafi verið ráðinn til verksins vegna sérþekkingar sinnar á efni því, sem nota átti í gólfögnina. Stefndu bera einnig fyrir sig sem málsástæðu, að stefnandi eða starfsmenn hans hafi aldrei gert neinar athugasemdir við aðstæður á verkstað eða það efni, sem stefndu útveguðu til verksins. Því sé ljóst, að stefnanda sé einum um að kenna, hvernig fór með fyrri lögnina, og verði hann einn að bera skaða af því.

Varakröfu sýna byggja stefndu á því, að reikningar þeir, sem stefnandi hefur útbúið og eru grundvöllur stefnukröfu, séu mjög ófullkomnir að allri gerð og fullnægi ekki skilyrðum laga um, hvernig reikningar af þessu tagi eigi að vera útbúnir; því standist þeir ekki sem slíkir. Í annan stað séu þeir allt of háir. Því til stuðnings benda stefndu á þá fjárhæð, sem greidd var fyrir allt verkið, og þá fjárhæð, sem stefnandi krefst fyrir endurvinnuna.

Um lagarök vísa stefndu sérstaklega til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og til meginreglna skaðabóta- og kröfuréttar. Þá vísa þeir einnig til laga og reglna um byggingarefni, iðju og iðnað svo og íslenskra staðla, sem kveða á um verk sem þessi.

Málskostnaðarkrafan styðst við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Í máli þessu er deilt um, hver skuli bera kostnað af endurvinnu á Bomanite-gólfögn, sem lögð var á hluta gólfsins í kaupleiguþúðum fyrir aldr- aða að Svínvetningabraut 3-17, Blönduósi. Aðilar hafa lýst yfir því fyrir dóminum, að ekki sé ágreiningur um greiðslu vegna tilboðsverksins sjálfs.

Af gögnum málsins og framburði vitna, sem komið hafa fyrir dóminn, er ljóst, að endurvinnna varð gólfögnina að verulegum hluta og að ekki var

unnt að bæta úr gallanum með öðrum hætti. Deila aðila snýst því um það, hver beri ábyrgðina á því, að los varð á Bomanite-gólfilögninni. Stefnandi hefur haldið því fram og styður mál sitt aðallega því, að gólfplata sú, sem Bomanite-gólfilögnin var lögð á, hafi haft leyndan galla. Galli þessi hafi verið með þeim hætti, að sementsejfulma hafi verið á gólfplötunni og við þornun Bomanite-lagnarinnar hafi sementsefjan losnað frá gólfplötunni, og þess vegna hafi losið orðið.

Vitnið Guðbjartur Á. Ólafsson, byggingarfulltrúi og eftirlitsmaður með verkinu, gaf skýrslu fyrir dóminum. Hann kvaðst hafa gert skjal það, sem þingmerkt er nr. 7. Fyrir dóminum bar hann, að ekki væri hægt að fullyrða, hvers vegna umrætt los varð.

Vitnið Oddur Karl Gunnlaugur Hjaltason deildartæknifræðingur bar fyrir dóminum, að hann hefði skoðað tvö steypubrot úr gólfilögninni. Hann kvað ekki neitt verða um það fullyrt, hvers vegna losið varð, án þess að skoða verksummerki á verkstað. Vitnið Guðmundur Björnsson múrari fullyrðir, að ástæða gallans sé mikil sementsefja á efsta lagi gólfplötunnar. Önnur vitni hafa ekki treyst sér til að fullyrða, hvers vegna gólfilögnin losnaði, en hafa bent á hugsanlegar orsakir, eins og of hraða þornun Bomanite-ílagnarinnar, lélegt yfirborð gólfplötunnar, ónæga hreinsun hennar o. fl.

Óumdeilt er, að rigning var, meðan gólfplatan var steipt, og liggur vottorð veðurstofu fyrir um það, hversu mikil sú rigning var. Hins vegar er ekki vitað, hvernig hún dreifðist yfir dagana, og því ósannað, að hún hafi haft áhrif á gæði efsta lags gólfplötunnar. Þá eru vitni ekki sammála um, hvort mikil sementsefjumyndun sé sýnileg með berum augum á gólfplötum sem þessari.

Dómurinn telur rétt, að stefnandi, sem á þessum tíma var með einkaumboð fyrir Bomanite á Norðurlandi vestra, verði sem fagmaður í meðferð efnisins að bera sönnunarbyrðina fyrir því, hvers vegna lögnin losnaði, hafi það los ekki verið honum eða starfsmönnum hans að kenna.

Með því að stefnandi óskaði ekki eftir dómkvaðningu matsmanna, meðan þess var kostur, eða reyndi ekki á annan hátt að leiða í ljós með sannanlegum hætti, hvers vegna gólfilögnin losnaði, verður að telja ósannaða þá fullyrðingu hans, að leyndur galli hafi verið í gólfplötunni. Þá verður og að telja ósannað, hvers vegna Bomanite-ílaginn losnaði. Verður því ekki hjá því komist með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins er rétt, að stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurjón Ólafsson og Hlynur Tryggvason, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Tómasar Óskarssonar.

Stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.
